

Kafli 11 – Félagsfræði heilsu og veikinda: fyrri hluti. Spurningar úr efni bls. 309-319.

1. Hvernig tengist fólksfjöldafræði félagsfræði heilsu og veikinda?
2. Hvernig tengist félagsleg faraldsfræði félagsfræði heilsu og veikinda?
3. Hvað er menningarbundið heilkenni?
4. Hvernig skilgreinir Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) heilbrigði?
5. Hvaða augljósu virkni hefur nútíma heilbrigðisþjónusta?
6. Hvernig birtist leynd virkni heilbrigðisþjónustu?
7. Hvað er átt við með því að lasleiki og veikindi leggi grunn að vanvirkni í samfélaginu?
8. Hvaða réttindi og skyldur fylgja svokölluðu sjúklingshlutverki?
9. Hvað hafa rannsóknir í Bandaríkjunum leitt í ljós í tengslum við upplifun fólks (af mismunandi trúarhópum) á sjúklingshlutverkinu?
10. Hvað hafa rannsóknir í Bandaríkjunum leitt í ljós í tengslum við upplifun mismunandi hópa fólks á verkjum?
11. Hvernig má færa rök fyrir því að mismunandi sjúkdómar eigi misvel um sjúklingshlutverkið?
12. Hvaða endurskoðun gerði Talcott Parsons á hugmynd sinni um sjúklingshlutverkið árið 1975 og hvers vegna?
13. Hvað þýðir það að sjúklingshlutverkið sé í raun kjörmynd?
14. Hvernig má færa rök fyrir því að læknisfræði sé stjórnþæki í samfélaginu?
15. Hvernig lýsir svokölluð sjúkdómsvæðing sér í samfélaginu?
16. Hvað á félagsfræðingurinn Eliot Freidson við með því að um leið og læknisfræði geri frávik og sjúkleika að samheitum færast lögsaga lækninga út, jafnvel út fyrir læknanleg mörk?
17. Hvernig á sjúkdómsvæðingin sér stað með kerfisbundnum hætti?

18. Hvaða sjónarmið gagnvart sjúkdómsvæðingu hafa þeir sem aðhyllast átakasjónarhorn?
19. Hvað aðskilur aðallega sýn átakasjónarhorns og samstöðusjónarhorns á heilbrigðiskerfið?
20. Hvernig skýrir Howard Waitzkin mismunandi heilbrigðisþjónustu í Bandaríkjunum?
21. Hvað einkennir marxíska faraldsfræði?
22. Hvað er átt við með því að Rudolf Virchow hafi lagt grunninn að þeirri hugmynd að læknisfræði væri ávallt félagsleg læknisfræði?
23. Hverjar eru helstu ástæður fyrir fækkun dauðsfalla á 19. öld?
24. Hvað segir Vicente Navarro um tengsl dánartíðni og stéttaskiptingar í Bandaríkjunum?
25. Hver var munurinn á ungbarnadauða á Íslandi og í öðrum ríkjum OECD árið 2007?
26. Hverjar voru að meðaltali lífslíkur við fæðingu í ríkjum OECD árið 2007?
27. Hver var munurinn á mannafla í heilbrigðisþjónustu á Íslandi og öðrum ríkjum OECD árið 2007?
28. Hver var ungbarnadauði og ævilíkur við fæðingu árið 2007 í Angóla?
29. Hver var ungbarnadauði í Bandaríkjunum árið 2007? Ungbarnadauði er breytilegur í Bandaríkjunum. Hvað veldur?
30. Hver er munurinn á ævilíkum fólks í einstökum hverfum í Lundúnum og Glasgow í Skotlandi?
31. Hvaða ástæður eru fyrir ótímabærum andlátum í Glasgow?
32. (Hópverkefni) Hafa allir búsettir á Íslandi sama aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi? Getur verið að mismunandi hópar hafi mismunandi aðgang, eða að hóparnir nýti þjónustuna misjafnlega? (Rýnið í rannsókn eftir Rúnar Vilhjálmsson o.fl. um aðgengi hópa að heilbrigðisþjónustu. Landlæknisembættið 2001.)

33. (Hópverkefni) Ræðið hvaða ástæður eru hugsanlegar fyrir aukinni sjúkdómsvæðingu í nútímanum? Hverjir eru kostirnir og ókostirnir við sjúkdómsvæðingu?
34. (Hópverkefni) Ræðið hvernig það væri ef ekki væri til þetta svokallaða sjúklingshlutverk. Hvaða hlutverki gegnir það? Er það kannski ekki til?